

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1073/2000**2002/EES/23/17**

frá 19. maí 2000

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lifræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lifræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 331/2000 ⁽²⁾, einkum annarri undirgrein 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Auka þarf, í I. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, umfang hugsanlegrar notkunar örvera til að örva myltingu þannig að hún nái einnig til notkunar slíkra lífvera til þess að bæta almennt ástand jarðvegs og gera næringarefni í jarðvegi eða plöntum aðgengilegri. Einnig er nauðsynlegt að útiloka allar erfðabreyttar örverur til slíkra nota og að samræma ákvæði varðandi notkun búfjáraburðar ákvæðum þar að lútandi í 7. lið B-hluta framangreinds viðauka.
- 2) Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa tiltekin aðildarríki lagt fram upplýsingar í því skyni að bæta tilteknum afurðum við í II. viðauka eða breyta tilteknum ákvæðum hans.
- 3) Breytingarnar á II. viðauka varða afurðir, sem voru notaðar, áður en reglugerð (EBE) nr. 2092/91 var samþykkt, í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur í lifrænum búskap sem hefð er fyrir í bandalaginu, og eru því í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar. Breytingarnar eru brýnar að því er varðar sumar afurðirnar í ljósi komandi ræktunartímabils.
- 4) Komið hefur í ljós að „glýseról“, „kísildíoxíð“ og „ísóprópanól“ eru ómissandi við tilreiðslu tiltekinna matvæla. Því er heimilt að bæta þessum afurðum við í VI. viðauka, að teknu tilliti til krafanna í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 ⁽³⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 345/97 ⁽⁴⁾, um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

- 5) Nauðsynlegt er að það komi skýrt fram í „Almennum meginreglum“ VI. viðauka að sá siður að reykja matvæli er viðurkennd aðferð við tilreiðslu lífrænt framleiddra matvæla.
- 6) Nauðsynlegt er að færa ákvæðin í VI. viðauka, að því er snertir erfðabreyttar lífverur og afurðir úr slíkum lífverum, til samræmis við almenna bannið í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1804/1999 ⁽⁵⁾.
- 7) Rétt er, að því er tilteknar afurðir varðar, að gera minniháttar tæknilegar eða ritstjórnarlegar breytingar. Enn fremur er nauðsynlegt að gera tilteknar ritstjórnarlegar breytingar er taki mið af breytingum reglugerðar (EB) nr. 1804/1999.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún skal koma til framkvæmda þegar í stað. Hins vegar skulu ákvæði liðanna 2.1 og 2.2 í þættinum undir fyrirsögninni „A. PLÖNTUR OG PLÖNTUAFURÐIR“ í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 gilda frá og með 24. ágúst 2000.

Heimilt er að nota áfram efnið „beinakól“, sem um getur í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, samkvæmt áður gildandi skilyrðum uns uppsafnaðar birgðir eru uppnar, þó eigi lengur en til 30. september 2000.

Heimilt er að nota áfram efnið „kalsíumkarbónat“, sem um getur í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 með strangari skilyrðum en þeim sem giltu áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi, samkvæmt áður gildandi skilyrðum uns uppsafnaðar birgðir eru uppnar, þó eigi lengur en til 30. september 2000.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 119, 20.5.2000, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 48, 19.2.2000, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 25, 2.2.1993, bls. 5.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 58, 27.2.1997, bls. 8.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

- I. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar þáttarins undir fyrirsögninni „A. PLÖNTUR OG PLÖNTUAFURÐIR“ í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

- „2.1. Frjósemi og lífrænni virkni jarðvegsins skal halda við eða auka, þar sem við á, með því að:
- rækta belgjurtir, grænan áburð eða plöntur með rætur sem liggja djúpt eftir viðeigandi langtímaskipti-ræktaráætlun,
 - bæta við búfjáraðurdi sem er lífrænt framleiddur í samræmi við ákvæði liðar 7.1 í B-hluta þessa viðauka og með þeim skilyrðum sem þar eru sett,
 - bæta við öðrum lífrænum efnum, hvort sem um er að ræða moltu eða ekki, frá býlum sem framleiða í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
- 2.2. Heimilt er, í undantekningartilfellum, að nota sem mögnuð lífrænan eða ólífrænan áburð af annarri gerð, sem um er getið í II. viðauka, einungis að því marki að:
- ekki sé unnt að tryggja nægilega næringu uppskeru við skiptirækt eða jarðvegsnáringu samkvæmt þeim aðferðum sem fram koma í a-, b- og c-lið undanfarandi undirgreinar,
 - að því er snertir afurðirnar í II. viðauka þar sem getið er um áburð og/eða húsdýraskít skal einungis heimilt að nota slíkar afurðir, ásamt búfjáraðurðinum sem um getur í b-lið liðar 2.1 hér að framan, að því marki að takmörkunum þeim, sem um getur í lið 7.1 í B-hluta þessa viðauka, sé hlítt.
- 2.3. Heimilt er að nota viðeigandi efnablöndur úr jurtaríkinu eða örverur, sem ekki eru erfðabreyttar í skilningi 12. liðar 4. gr., til að örva myltingu. Einnig er heimilt að nota svokallaðar „lífaflrænar efnablöndur“ úr steindufti, húsdýraáburði eða úr jurtaríkinu í þeim tilgangi sem fjallað er um í þessum lið og í lið 2.1.
- 2.4. Heimilt er að nota viðeigandi efnablöndur úr örverum, sem ekki eru erfðabreyttar í skilningi 12. liðar 4. gr. en leyfðar í almennum landbúnaði í viðkomandi aðildarríki, til þess að bæta almennt ástand jarðvegs og gera næringarefni í jarðvegi eða plöntum aðgengilegri þegar eftirlitsaðilinn eða -yfirvaldið hefur viðurkennt þörfina fyrir slíka notkun.“

- II. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þeim hluta viðaukans sem ber fyrirsögnina „A. ÁBURÐAREFNI OG JARÐVEGSNÆRING“:

- a) Eftirfarandi komi í stað inngangsmálgreinarinnar milli fyrirsagnarinnar og töflunnar:

„Almenn skilyrði sem gilda fyrir öll efni:

- notkun fari eingöngu eftir ákvæðum I. viðauka,
- notkun fari eingöngu eftir ákvæðum gildandi laga um markaðssetningu og notkun viðkomandi afurða í almennum landbúnaði í aðildarríkinu þar sem efnið er notað.“

- b) Afurðin „beinakol“ falli brott úr töflunni þar sem taldar eru upp „Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu.“

- c) Í stað ákvæða í töflunni um að „Kalíumsúlfat með magníumsalti“ sé talið með komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Kalíumsúlfat sem hugsanlega inniheldur magníumsalt	Afurðin fengin úr kalíumhrásalti með eðlisfræðilegri úrdráttaraðferð og inniheldur hugsanlega einnig magníumsólt Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald viðurkenni nauðsyn afurðarinnar“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunum sem bera titilinn „I. Plöntuvarnarefni“ í þeim hluta sem ber fyrirsögnina „B. VARNAREFNI“:

- a) Í stað ákvæða í töflunni, sem ber titilinn „I. Efni úr jurta- eða dýraríki“, um að „Asadíraktín, útdráttur úr *Azadirachta indica* (trjátegund)“, sé talið með, komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Asadíraktín, útdráttur úr <i>Azadirachta indica</i> (trjátegund)	Skordýraeitur Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald viðurkenni nauðsyn afurðarinnar“

- b) Í stað ákvæða í töflunni, sem ber titilinn „III. Efni eingöngu til notkunar í gildrum og/eða skömmtum“, um að „ferómón“ séu talin með komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Ferómón	Aðdráttarefni; raskar kynhegðun Einungis í gildrum og skömmtum“

- c) Í stað ákvæða í töflunni, sem ber titilinn „IV. Önnur efni sem hefðbundin notkun er fyrir í lífrænum búskap“, um að „brennisteinskalk (kalsíumpólýsúlfíð)“ sé talið með komi eftirfarandi:

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
„Brennisteinskalk (Kalsíumpólýsúlfíð)	Sveppaeyðir, skordýraeitur, mauraeitur Eftirlitsaðili eða eftirlitsyfirvald viðurkenni nauðsyn afurðarinnar“

III. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

1. Eftirfarandi texti komi í stað fyrsta málsliðar þriðju málsgreinar undir fyrirsögninni „Almennar meginreglur“:

„Þrátt fyrir vísanir til innihaldsefna í A- og C-hluta eða hjálparefna í B-hluta skal einungis framkvæma vinnsluáferðir, eins og reykingar, og einungis nota innihaldsefni eða slík hjálparefni í samræmi við ákvæði viðkomandi löggjafar bandalagsins og/eða innlendrar löggjafar sem samrýmast ákvæðum sáttmálans og, ef um slík ákvæði er ekki að ræða, í samræmi við meginreglur góðra matvælaframleiðsluhátta.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á A-hluta:

- a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„A-HLUTI – INNIHALDSEFNI, EKKI ÚR LANDBÚNAÐI (SEM UM GETUR Í c-LIÐ 3. MGR. Í 5. GR. OG d-LIÐ 5. MGR. A 5. GR. REGLUGERÐAR (EBE) NR. 2092/91)“

- b) Í stað ákvæða í töflunni um að „E 170 Kalsíumkarbónöt“ séu talin með komi eftirfarandi:

Heiti	Sérstök skilyrði
„E 170 Kalsíumkarbónöt	Öll leyfileg hlutverk nema litun“

- c) Eftirfarandi afurð og sérstökum skilyrðum, sem tengjast henni, skal skotið inn í töfluna á eftir „E 416 Karagúmmí“:

Heiti	Sérstök skilyrði
„E 422 Glýseról	Plöntuseyði“

- d) Í stað ákvæða í töflunni um að „E 516 Kalsíumsúlfat“ sé talið með komi eftirfarandi:

Heiti	Sérstök skilyrði
„E 516 Kalsíumsúlfat	Burðarefni“

- e) Eftirfarandi afurð og sérstökum skilyrðum, sem tengjast henni, skal skotið inn í töfluna á eftir „E 524 Natríumhýdroxíð“:

Heiti	Sérstök skilyrði
„E 551 - Kísíldíoxíð	Kekkjavarnarefni fyrir krydd og jurtir.“

- f) Í undirlíð A.4., „Örverublöndur“, falli ii-liður brott.

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á B-hluta:

- a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

B-HLUTI —HJÁLPAFENI VIÐ FRAMLÆIÐSLU OG AÐRAR AFURÐIR SEM HEIMILT ER AÐ NOTA VIÐ VINNSLU LÍFRÆNT FRAMLÆIDDRA INNIHALDSEFNA ÚR LANDBÚNAÐI SEM UM GETUR Í 4-LIÐ 3. MGR. Í 5. GR. OG e-LIÐ 5. MGR. a Í 5. GR. REGLUGERÐAR (EBE) NR. 2092/91“

- b) Eftirfarandi afurð og sérstökum skilyrðum henni tengdum skal skotið inn í töfluna á eftir “brennisteinssýru“:

Heiti	Sérstök skilyrði
„Ísóprópanól (própan-2-ól)	Við kristöllumarferli í sykurböndu Með tilhlýðilegu tilliti til tilskipunar 88/344/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 97/60/EB. Á [...] tímabili sem rennur út 31.12.2006“

- c) Eftirfarandi texti komi í stað textans í lok liðarins undir fyrirsögninni „Örverublöndur og ensím“:

„Örverublöndur og ensím:

Örverublöndur og ensím sem venjulega eru notuð sem hjálparefni við matvælaframleiðslu, að undanskildum erfðabreyttum örverum í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/220/EBE og að undanskildum ensímum unnum úr erfðabreyttum örverum í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/220/EBE.“

4. Í stað undirlíðar C.2.2 í C-hluta, „rófusýkur“, komi eftirfarandi:

„Rófusýkur, eingöngu fram til 1.4.2003.“